

Leiðbeiningar um útreikning á kadmíuminnihaldi

Skv. 8. grein III. kafla reglugerðar nr. 398/1995, um áburð og jarðvegsbætandi efni, skulu þeir er framleiða og/eða flytja inn áburð og jarðvegsbætandi efni veita Matvælastofnun upplýsingar um áburðarsölu og kadmíuminnflutning undangengins árs.

Hér eru leiðbeiningar sem vonandi koma að gagni við útfyllingu skýrslu um áburðarsölu og kadmíuminnflutning.

Auðveldast er að skýra þetta út með dæmi:

Tökum sem dæmi innflytjanda sem flytur inn 2 áburðartegundir, 15-15-15 og 20-10-10 sem hvorutveggja eru algengar tegundir. Flutt eru inn 20.000 kg af 15-15-15 en 35.000 kg af 20-10-10. Við skulum gefa okkur þær forsendur að í 15-15-15 séu 5 mg Cd pr. kg P en 30 mg Cd pr. kg P í 20-10-10. Útreikningarnir verða þá sem hér segir:

Reikna þarf út hreinan fosfór (P) séu tölurnar gefnar upp sem P₂O₅. Það er gert með því að margfalda P₂O₅-töluna með 0,437. Þá fáum við út hve mörg prósent fosfórinn er af áburðinum í heild.

Áburðartegund	P ₂ O ₅ (%)	*Stuðull	= P (%)
15-15-15	15	* 0.437	6.6
20-10-10	10	0.437	4.4

Næst er að reikna út heildarinnflutninginn af fosfór. Það er gert með því að margfalda fosfór % með innfluttu magni áburðar.

Áburðartegund	= P (%)	Innfl.áb.kg.	Innfl.fosfór kg
15-15-15	6.56	20.000	1.311.00
20-10-10	4.37	35.000	1.529.50

(Munið að fosfórinn er í % og því verður margföldunin: 6,6*20000/100)

Þá liggur næst fyrir að margfalda saman kadmíum-töluna og fosfórinn.

Áburðartegund	Fosfór,kg	mg Cd/kg P	mg Cd alls
15-15-15	1.311.00	5	6.555.00
20-10-10	1529.50	30	45.885.00

Samkvæmt reglugerðinni (nr. 398/1995) á að gefa innflutning kadmíums upp "í kílóum í hverri þeirri vörutegund sem flutt var inn". Það þarf því að breyta milligrömmum í kíló sem er gert með því að deila í niðurstöðutölurnar úr 3. lið með 1.000.000 (t.d. 6555/1000000=0.006555 kg). Matvælastofnun gerir þó ekki athugasemdir við að þessu sé skilað í grömmum en þá þarf að deila í niðurstöðuna úr 3. lið með 1.000 (t.d. 6555/1000=6.555 gr.).

Við vonum að þessar leiðbeiningar verði ykkur til aðstoðar og minnum á að skila þarf skýrslunni fyrir 31. janúar ár hvert